



Bankasýsla ríkisins
Borgartúni 3
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 18. mars 2022
Tilv.: FJR22010105/11.4.5

Efni: Ákvörðun um framhald á sölumeðferð á eignarhlut í Íslandsbanka

Unnið er að því að hefja framhald sölumeðferðar á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka hf. í samræmi við lög um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012 og lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 sbr. enn fremur tillögur stofnunarinnar sem bárust ráðuneytinu þann 20. janúar 2022.

Í samræmi við ákvæði laga útbjó ráðherra sérstaka greinargerð um ráðgerða sölumeðferð sem lögð var fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 10. febrúar 2022. Í greinargerðinni komu fram upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutanna, hvaða söluaðferðum verði beitt og hvornig sölumeðferð verði háttáð að öðru leyti. Þá var jafnframt óskað eftir umsögn frá Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð eins og kveðið er á um í lögum nr. 155/2012.

Umsagnir meirihluta fjárlaganefndar Alþingis, dags. 4. mars sl., og efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 9. mars, liggja nú fyrir, en þar er mælt með því að hafist verði handa við framhald á sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka í samræmi við tillögur Bankasýslunnar og þau markmið sem fram koma í greinargerð ráðherra. Einnig liggur fyrir umsögn frá Seðlabanka Íslands, dags. 2. mars sl. þar sem fram kemur að talið sé að jafnræði bjóðenda verði tryggt miðað við fyrirbyggjandi áform um fyrirhugaða sölu og er salan talin hafa takmörkuð áhrif á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða bankans og laust fé í umferð. Umsagnir þingnefndanna og Seðlabankans eru aðgengilegar á vef ráðuneytisins.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 155/2012 segir að ráðherra skuli taka ákvörðun um hvort hefja eigi sölumeðferð eignarhluta að liðnum þeim fresti sem þingnefndunum var veittur til þess að gera athugasemdir við efni greinargerðarinnar. Þar segir enn fremur að ráðherra geti í ákvörðun sinni gert breytingar á einstökum þáttum í fyrirhugaðri sölumeðferð eins og hún var áður kynnt, þá m.a. að teknu tilliti til athugasemda nefndanna við greinargerðina.

Það tilkynnist hér með að ráðherra hefur tekið ákvörðun um að hefja skuli framhald sölumeðferðar í samræmi við fyrirbyggjandi greinargerð sem lögð var fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Eins og segir í greinargerðinni verður framhald sölu háð því að markaðsaðstæður séu hagfelldar. Eftir að undirbúningur að sölu var hafinn á grundvelli lagaákvæða sem við eiga og vísað er til að framan hafa heimsaðstæður breyst. Ófriður í Austur Evrópu hefur haft margháttað áhrif á eigna og fjármálamarkaði á heimsvísu. Fyrir liggur það mat Bankasýslu að það raski þó ekki að svo stöddu meginforsendum söluáforma á eignarhlutum í Íslandsbanka og hefur verið vísað til þess að verð á hlutum í bankanum hafi ekki verið hærra en það er um þessar mundir. Rétt er þó að grannt sé fylgst með framvindu mála og að brugðist verði við með viðeigandi hætti ef deilur á

alþjóðavettvangi tefli markmiðum með sölu eignarhlutanna í tvísýnu.

Á þessum grunni er Bankasýslu ríkisins falið, að höfðu samráði við ráðherra um tímasetningar, skiptingu áfanga og söluaðferðir, að tryggja að útfærslur á útboðs- og úthlutunarskilmálum verði í samræmi við greinargerðina og meginmarkmið eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, svo sem framast er kostur og, eins og mögulegt er:

- i. að áfram verði stuðlað að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði;
- ii. að áfram verði horft til þess að viðhalda dreifðu eignarhaldi og fjölbreytileika í eigendahópi Íslandsbanka;
- iii. að horft verði til þess, við útfærslu og úthlutun í kjölfar tilboðsfyrirkomulags og ef nægjanleg umframeftirspurn verður í slíkum útboðum, að fjárfestar sem horfi til lengri tíma fjárfestinga verði fyrir minni skerðingu en skammtímafjárfestar.

Samþykkt hefur verið á aðalfundi bankans heimild til endurkaupa á eigin hlutabréfum á allt að 10% af hlutafé, sem gildi fram að aðalfundi bankans 2023. Óskað er eftir því að stofnunin leggi mat á hvernig nýta megi þau áform til að hámarka ábata ríkisins af sölu á sama tíma og jafnræði hluthafa í bankanum sé að fullu virt.

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason